Byggingarlýsing: Einbýlishús við Hlíðarás 30 í Hafnarfirði

Húsið er einbýlishús að gerð E1b skv. deiliskipulagsskilmálum fyrir Ásland í Hafnarfirði frá 02.05.06.

Byggingin fylgir bundinni byggingarlínu götuhliðar og er í heild sinni innan byggingarreits.

Sunnan götu á neðri hæð byggingarinnar er inngangur, barnaherbergi, gestasnyrting,gestaherbergi, þvottahús, geymslur og bílageymsla.

Fyrir framan bygginguna eru þrjú bílastæði skv. mæliblaði nr. 25.242.2 og teikningu nr. 421.034, ásamt steinsteyptu plöntubeði og tröppum til að leysa aðkomu að inngangi byggingarinnar með tilliti til halla götunnar. Lágvaxinn trégróður er á norðausturhorni lóðarinnar.

Til þess að leysa mikinn landhalla á norðvestuhorni lóðarinnar þar sem lega bílastæða er bindandi skv. deiliskipulagsskilmálum er stoðveggur á lóðarmörkum við Hlíðarás 28.
Hæð stoðveggjarins tekur mið af þegar samþykktum teikningum nágrannans. Skriflegt samþykki lóðarhafa Hlíðaráss 28 fyrir stoðvegg á lóðarmörkum fylgir umsókninni.

Á efri hæð byggingarinnar eru dagleg íverurými þ.e.a.s. stofa, borðstofa, eldhús og vinnuherbergi ásamt svefnherbergi og baðherbergi. Lokað eldstæði í samræmi við 192.gr. byggingareglugerðar. Yfir stiga er hækkað loftrými til að auka birtufæði í miðri byggingunni.

Ofan á vinnuborði eldhúss eru loftháir stálrimlar (mest breidd ops er 11 sm) til að forðast að börn við leik ofan á vinnuborðinu falli ekki ofan í stigaopið.

Gerð og frágangur reykhófs er í samræmi við 193. Gr. byggingareglugerðar.

Á lóðinni sunnan efri hæðar byggingarinnar er trépallur. Þar er á suðvesturhorni byggingarreits útisturta og heitur pottur skv. 69.3 grein byggingareglugerðar.með læsanlegu öryggisloki skv. mgr. 69.2, til varnar á slysum.
Steinsteyptur setbekkur og grillaðstaða fylgja syðri byggingarlínu lóðarinnar.

Á hæðablaði nr. 25.242.2 og teikningu nr. 421.084 er H = 87,90, en á innlögðum teikningum er H = 88,15. Þetta er gert til að koma byggingunni betur fyrir á lóðinni og þ.m.a. leysa mikinn landhalla, sérstaklega sunnanmegin byggingarinnar.

Undirstöður sjálfrar byggingarinnar eru í fullu samræmi við burðarþolsteikningar byggingarverkfræðings.

Útveggir, þak, gólf og burðarvirki hússins er steinsteypt.

Undirstöður og gólfplata eru steinsteyptar. Undir gólfplötu eru 250 mm þéttuð möl, þá 40-50 mm splitt, síðan 80 mm Polystyrol Extruderschaum (WGL 040) einangrun (þrýstiþoliin), PE plastdúkur og næst steyptri gólfplötunni eru 50 mm hlíðarsteypa.
Ofan á 200 mm steyptri gólfplötunni er 5 mm tjörudúkur V60S4 (rakavörn). Þar ofan á er 60 mm einangrunarefni, þá 30 mm hljóðeinangrunarefni, síðan plastdúkur. Þar ofan á eru lagðir 65 mm sement í gólfið. Í sementinu eru hitalagnir. Efst eru sýnilegt yfirborð sem er 10 mm náttúrusteinn.

Veggir eru múrhúðaðir að innan með 15 mm múrhúð. Steinsteyptir veggirnir eru 200 mm þykkir. Þeir eru einangraðir að utan með 120 mm steinull og yst klæddir láréttum dökkum timburborðum utan á timburgrind. Einangrunin er innan tvöfaldrar timburgrindarinnar. Á milli trégrindar og klæðningar er dúkur sem kemur í veg fyrir að einangrun blotni. Auk þess er 40 mm loftrými milli trégrindar og 22 x 140 mm láréttrar dökkrar borðaklæðningar.

Gluggar eru hvítir timbur/álgluggar.

Þakið er 250 mm steinsteypt plata. Ofan á henni er 5 mm tjörudúkur (rakavörn), ~~80-160~~ mm (meðalþykkt 120 mm) einangrunarefni með 1:500 vatnshalla. 10 mm tvöfaldur tjörudúkur og loks 60 mm laust farg úr steinefni sem hlífir þakinu.

160-200

U-gildi skal vera skv. byggingarreglugerð

Ó.Z

Niðurföll þaks eru komið fyrir innan byggingarinnar.

U-gildi allra byggingarhluta skulu vera samkvæmt grein 180.3 í byggingarreglugerð eða;
Botnplata og undirstöður: 0,30 W/m2
Þak: 0,2W/m2K
Útveggir: 0,4W/m2K
Gluggar (vegið meðaltal glers og karma): 2,0W/m2K
Hurðir: 3,0W/m2K

Öll gluggalaus rými eru loftræst og gólfniðurföll eru í öllum votrýmum.

Allar veggjaklæðningar íverurýmis eru í flokki 1.

Allir veggir og múrhúð í innbyggðri bílageymslu eru í 1. flokki, brunaþol a.m.k. EI60.
Hurðin á milli geymslu og bílageymslu svo og hurðin á milli inntaksrýmis og bílageymslu eru einangraðar stálhurðir, brunaþol a.m.k. EI-CS30.

Í byggingunni er brunaviðvörunarkerfi og allir reykskynjarar eru samtengdir.

Hita- og neysluvatnslagnir eru lagðar í gólfplötu.

Raflagnir eru í steyptum veggjum svo og í steyptri gólfplötu.

Skólplagnir eru hefðbundnar 100 mm plastlagnir undir gólfplötu.

Sorpgeymsla er innbyggð í bygginguna við aðkomu að bílageymslu.

Stuttgart, í febrúar 2007

Jórunn Ragnarsdóttir



Samþykkt þann
17 OKT. 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

	OBERYTT
	GAMALT
	NYTT
R	Reykskynjari
LR	Loftræsting
NF	Gólfniðurfall
verk	Einbýlishús Hlíðarás 30 Hafnarfjörður
landnúmer	207275
staðgreinir	1400-01-38500300
verkkaupi	Kristín Jóna Magnúsdóttir 011169-3769 Óttar Arnaldsson 031262-3809 Drekavellir 18 221 Hafnarfjörður
teikning	**Afstöðumynd**
mælikvarði	1 : 500
dagsetning	nóvember 2006
teiknað af	K.L. / L.S. / E.C. / K.P. / S.B.

Jórunn Ragnarsdóttir arkítekt FAÍ / AKBW
280657-2989

architekten

professor arno lederer
jórunn ragnarsdóttir
marc oei
kornbergstrasse 36
d 70176 stuttgart
mail@archiro.de
fon +49 (0)711 2255060
fax +49 (0)711 22550622

verk	teikn.	breyting
1	**1**	**ágúst 2007**